

## Bæjarstjóri Vesturbyggð <baejarstjori@vesturbyggd.is>

---

**Til** : Jón Smári Jónsson - SLS;Skipulagsstofnun - SLS  
**Frá** : Bæjarstjóri Vesturbyggð <baejarstjori@vesturbyggd.is>  
**CC** : Elfar Steinn Karlsson <elfar@vesturbyggd.is>  
**Heiti** : Umsögn Vesturbyggðar RE: 2111037 - Umsögn - Fyrirspurn um matsskyldu - smábáthöfn Brjánslæk  
**Málsnúmer.** : 202112006  
**Málsaðili** : Hafnarsjóður Vesturbyggðar  
**Efnisflokkur** : Umsögn  
**Skjalategund** : Innkomið skjal  
**Skráð dags** : 22.12.2021  
**Höfundur** : Bæjarstjóri Vesturbyggð <baejarstjori@vesturbyggd.is>

### Viðhengi

[image001.png](#)  
[image002.jpg](#)  
[image003.jpg](#)  
[image004.png](#)  
[image005.png](#)

Sæll Jón Smári

Bæjarráð Vesturbyggðar tók fyrir beiðni um umsögn vegna fyrirspurnar um matsskyldu á 933. fundi sínum í gær, 21. desember sl. og bókaði eftirfarandi:

#### 1. Fyrirspurn um matsskyldu - smábáthöfn Brjánslæk

Lögð fram beiðni Skipulagsstofnunar dags. 10. desember 2021, um umsögn um matsskyldu vegna áætlaðra framkvæmda við smábáthöfn á Brjánslæk. Beiðninni fylgir tilkynning framkvæmdaraðila, dags. 9.desember 2021. Hafna- og atvinnumálaráð tók erindið fyrir á 35. fundi sínum 13. desember 2021 og taldi að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaaðila á þeim og gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar aðgerðir á framkvæmdatíma.

Bæjarráð Vesturbyggðar telur að í tilkynningunni sé gerð nægileg grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun, og því falli framkvæmdin undir flokk B í viðauka 1 og meta skuli samkvæmt viðmiðum í viðauka 2 við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021. Framkvæmdin skuli því ekki háð umhverfismati. Framkvæmdir við smábáthöfn á Brjánslæk eru fyrirhugaðar á þegar röskuðu svæði hafnarinnar og mun framkvæmdin ekki skerða fjörur við Breiðafjörð og hafa óveruleg áhrif á náttúrufar. Með framkvæmdinni aukast möguleikar til að stunda sjósókn frá Brjánslækjarhöfn allt árið um kring og mun auka öryggi við Brjánslækjarhöfn til muna, bæði fyrir sjómenn en einnig farþega ferjunnar Baldurs. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi bæjarstjórnar samkvæmt 13. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Eftir atvikum þarf einnig að sækja um leyfi til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða vegna uppsetningu vinnubúða skv. reglugerð um hávaða nr. 724/2008, reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999 eða skv. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 og lögum um matvæli nr. 93/1995. Framkvæmdin þarf að vinnast í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980.

Tilkynnist þetta hér með.

kveðja,  
Rebekka




**Rebekka Hilmarsdóttir  
Bæjarstjóri**  
Sími: 450-2300 | GSM: 840-0614  
Vesturbyggð | Aðalstræti 75 | 450 Patreksfirði | [www.vesturbyggd.is](http://www.vesturbyggd.is)

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans er eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál.

Hafir þú fyrir tilviljun eða mistök tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans bið ég þig að fara eftir 9. mgr. 47.gr laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna mér að tölvupósturinn hafi ranglega borist þér.



**SILFURVOTTUN 2020**  
Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa hlutið silfurvottun frá umhverfisvottunar-samtökunum EARTHCHECK




---

**From:** Elfar Steinunn Karlsson  
**Sent:** 15.12.2021 13:48:00  
**To:** Jón Smári Jónasson - SLS ;'skipulag@skipulag.is'  
**Subject:** 2111037 - Umsögn - Fyrirspurn um matsskyldu - smábátahöfn Brjánslæk

Sæll Jón Smári.

Hafna- og atvinnumálaráð tók umsagnarbeiðnina fyrir á 35. fundi sínum þann 13. Desember. Á fundinum var eftirfarandi bókað undir 6. fundarlið.

#### **Fyrirspurn um matsskyldu - smábátahöfn Brjánslæk**

Lögð fram beiðni Skipulagsstofnunar dagsett 10. desember 2021, um umsögn um matsskyldu vegna áætlaðra framkvæmda við smábátahöfn á Brjánslæk. Beiðninni fylgir tilkynning framkvæmdaraðila, dags. 9.desember 2021.

Hafna- og atvinnumálaráð telur að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaaðila á þeim og gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar aðgerðir á framkvæmdatíma.

Hafna- og atvinnumálaráð vill benda á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi bæjarstjórnar samkvæmt 13. gr. skipulagslag. Eftir atvikum þarf einnig að sækja um leyfi til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða vegna uppsetningu vinnubúða sbr. Reglugerð nr. 724/2008 m.s.br. um hávaða og einnig reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eða skv. hollustuháttareglugerð nr. 941/2002 og matvælalögum. Framkvæmdin þarf að vinnast í samræmi við lög um Vinnueftirlitið, þ.e. lög nr. 46/2008 m.s.br. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Erindinu vísað áfram til bæjarráðs.

Þá er einnig umsagnar að vænta frá bæjarráði Vesturbyggðar.

Kv.



Elfar Steinunn Karlsson  
Hafnarstjóri  
Sími: 450-2312 | GSM: 849-7909  
Vesturbyggð | Aðalstræti 75 | 450 Patreksfirði | [www.vesturbyggd.is](http://www.vesturbyggd.is)

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans er eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál.

Hafir þú fyrir tilviljun eða mistök tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans bið ég þig að fara eftir 9. mgr.  
47.gr laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna mér að tölvupósturinn hafi ranglega borist  
þér



## SILFURVOTTUN 2020

Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa hlutið silfurvottun frá umhverfisvottunar-samtökunum EARTHCHECK



**HAFRANNSÓKNASTOFNUN**

Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 11.01.2022  
MFRI: 2021-12-0369

### Efni: Smábáthöfn við Brjánslæk

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 10. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna tilkynningar Hafnarsjóðs Vesturbyggðar um framkvæmd sem kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum, skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafrannsóknastofnun telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig hvort Hafrannsóknastofnun telji að einhver atriði þarfist frekari skýringa og ef svo er, hvaða atriði það eru og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Framkvæmdaraðili hyggst gera 123 m grjótgarð og byggja smábáthöfn á Brjánslæk. Framkvæmdarsvæðið er hafnarsvæði Brjánslækjarhafnar sem er innan friðlýsts svæðis Breiðafjarðar. Vegna friðlýsingarinnar fellur framkvæmdin undir flokk B skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana.

Eins og fram hefur komið er um að ræða framkvæmd á skilgreindu hafnarsvæði Brjánslækjarhafnar. Samkvæmt rannsóknum sem framkvæmdaraðili vísar í, er það svæði sem mun verða undir grjótgarði klöpp með 1-2 m þykku sandlagi ofan á. Því er fremur ólíklegt að röskun vegna grjótgarðarins verði á svæði sem býr yfir miklum líffræðilegum fjölbreytileika.

Hafrannsóknastofnun bendir á að mikilvægt er að gæta þess að umhverfið spillist ekki að óþörfu vegna framkvæmdarinnar. Fjörur og eyjar á þessu svæði eru verndaðar og því er þetta ítrekað sérstaklega hér.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

*Rakel Guðmundsdóttir*

Rakel Guðmundsdóttir

# HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is


Bolungarvík 22.12.2021

Jón Smári Jónsson  
Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík

## Fyrirspurn um matskyldu Smábátahöfn á Brjánslæk, Vesturbyggð

Heilbrigðiseftirlitið hefur lesið yfir ofangreinda framkvæmd varðandi Smábátahöfn á Brjánslæk, Vesturbyggð og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst

  
Hlynur Reynisson  
Heilbrigðisfulltrúi



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík

Reykjavík 11. janúar 2022  
MÍ202201-0042 / 6.07 / K.M.

### Efni: Smábátahöfn á Brjánslæk í Vesturbyggð.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 10. des. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

**Kristinn Magnússon**  
Verkefnastjóri  
[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)

Þrjár tillögur um breytingar á smábátahöfn á Brjánslæk hafa verið til skoðunar. Ein beirra hefur orðið fyrir valinu. Hún felur í sér að komið verður upp aðstöðu smábáta norðan við núverandi flotbryggju og að byggður verður skjólgarður út frá núverandi brimvarnargarði. Í greinargerð Vesturbyggðar segir að stærstur hluti verksins feli í sér byggingu á um 123 m löngum sjóvarnargardí sem í þurfi 28.000 m<sup>3</sup> af grjóti og kjarna efni. Notað verður efni sem varð umfram við vegagerð í Penningsdal. Afgangurinn af efninu verður sóttur í grjótnámu utan við Þverá, E2. Þegar byggingu grjótgarðsins er lokið verður steypum landstöpli komið fyrir og flotbryggja fest við hann. Timurbryggja frá árinu 1967 verður að síðustu rifin. Helstu umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar eru vegna brimgarðsins og efnistöku. Brimgarðurinn verður byggður á sandsjávarbotni og efnistakan fer fram á opnu efnistökusvæði sem þegar er raskað af fyrri efnistöku.

Í kafla 7 í skýrslu Vesturbyggðar er fjallað um Flókatóftir og fleiri fornleifar í nágrenni hafnarinnar. Flókatóftir eru friðlýstar fornleifar. Tóftirnar voru friðlýstar af þáverandi þjóðminjaverði árið 1930. Í friðlýsingarskjalinu kemur fram hvað er friðlýst. Þar segir: *Flókatóftir, svo nefndar; þær eru 6 sunnan á sljettri grund við vík eina fyrir innan Brjánslækjará.*

Í skýrslu Vesturbyggðar segir að Flókatóftir muni ekki verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar enda í talsverðir fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði.

Í inngangi skýrslu Vesturbyggðar segir að deiliskipulag fyrir svæðið sé lagt til Skipulagsstofnunar til afgreiðslu samhliða fyrirspurn um matsskyldu.


Vakn er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmiðjar nr. 80/2012 eru ákvörðunir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranelgar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakn athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýstulaga nr. 37/1993 getur aðili mál óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Minjavörður Vesturlands veitti umsögn um skipulagslysingu fyrir deiliskipulag fyrir Brjánslæk, Brjánslækjarhöfn og Flókatóftir með bréfi til Vesturbyggðar dags. 08.12.2021. Þar er verið að fjallað um skipulag svæðis sem er mun stærra en framkvæmdasvæðið sem breytingar á smábátahöfninni ná til. Í umsögn sinni bendir minjavörður Vesturlands á að fornleifar hafi ekki verið skráðar á svæðinu sem deiliskipulagið muni ná til og að umsögn um tillögu að deiliskipulagi svæðisins verði veitt þegar hún kemur fram.

Minjastofnun Íslands telur að fyrirhugaðar framkvæmdir við breytingar á smábátahöfninni á Brjánslæk skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Vakin er athygli á að eftir er að ganga frá skipulagi svæðis sem m.a. nær yfir fyrirhugað framkvæmdasvæði hafnarinnar en líka yfir svæði þar sem m.a. eru friðlýstar fornleifar, Flókatóftir. Minjavörður Vesturlands mun gera grein fyrir afstöðu Minjastofnunar til deiliskipulagsins í umsögn til sveitarfélagsins.

Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Eftornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyldt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

  
Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Afrit sent í tölvupósti:

Jón Smári Jónsson ([jon.smarι.jonsson@skipulag.is](mailto:jon.smarι.jonsson@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

Skipulagsstofnun  
b.t. Jóns Smára Jónssonar  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 10. janúar 2022  
Tilvísun: 202112-0030  
SS  
SS

**Efni: Umsögn um matsskyldu smábáthafnar við Brjánslæk.**


Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 10. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort tilkynnt framkvæmd Hafnarsjóðs Vesturbyggðar um smábæjarhöfn við Brjánslæk eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum. Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með tilkynningunni og vill koma eftirfarandi athugasemendum á framfæri:

Náttúrufræðistofnun telur að sú tillaga sem hafi orðið fyrir valinu (tillaga 2) sé líklegust til að valda minnstu raski á fjörusvæðum af þeim þremur tillögum sem voru til skoðunar, en þótt umhverfi Brjánslækjarhafnar sé tölувert raskað eru enn lítt snortnar þangfjörur bæði norðan og sunnan við hafnarsvæðið. Ljóst er þó að gerð 123 metra langa grjótgarðar mun valda raski á grunnsævisbúsvæðum þörunga og sjávardýra. Ekki er þó um mjög stórt svæði að ræða og er það þegar undir álagi vegna nálægðar við núverandi höfn.

Framkvæmdin er innan friðlands Breiðafjarðar og taka þarf fullt tillit til þess á framkvæmdatíma og m.a. koma í veg fyrir allt óþarfa rask sem gæti haft áhrif á lífríki svæðisins. Til dæmis ætti að forðast framkvæmdir á varptíma fugla, sérstaklega þegar t.d. æðarfuglar með unga eru á svæðinu. Þá þarf að tryggja mengunarvarnir þ.m.t. gegn gruggmengun. Jákvætt er að smábáthöfninni sé valinn staður við núverandi höfn þar sem náttúru hefur verið raskað frekar en að velja nýtt svæði á óröskuðum stað innan friðlandsins. Mikilvægt er að huga að áhrifum af rekstri smábáthafnar á lífríki svæðisins. Skoða þarf hvort og hvernig aukin umferð smábáta samræmist t.d. reglum um friðland í Vatnsfirði sem og friðlýsingi Breiðafjarðar almennt. Ekki kemur fram hvað það sé áætlað að margir bátar nýti smábáthöfnina. Viðkvæm búsvæði eins og selalátur, varpsvæði hafarnar og fleiri fuglategunda og fjörusvæði sem eru viðkomustaðir farfugla eru í Vatnsfirði og næsta nágrenni.

Að því sögðu er umfang og áætlað rask af framkvæmdinni ekki þess eðlis að Náttúrufræðistofnun telji þörf á að framkvæmdin þurfi að fara í fullt mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfallst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



## Halldór Ó. Zoëga - SGS <halldor.zoega@samgongustofa.is>

---

**Til** : Jón Smári Jónsson - SLS  
**Frá** : Halldór Ó. Zoëga - SGS <halldor.zoega@samgongustofa.is>  
**CC** : Skipulagsstofnun - SLS  
**Heiti** : Samgöngustofa RE: Smábæjarhöfn við Brjánslæk - beiðni um umsögn  
**Málsnúmer.** : 202112006  
**Málsaðili** : Hafnarsjóður Vesturbyggðar  
**Efnisflokkur** : Umsögn  
**Skjalategund** : Innkomið skjal  
**Skráð dags** : 4.1.2022  
**Höfundur** : Halldór Ó. Zoëga - SGS <halldor.zoega@samgongustofa.is>

### Viðhengi

[image001.png](#)

Góðan daginn.

Samgöngustofa gerir ekki sérstakar athugasemdir við framangreinda framkvæmd en bendir á að mikilvægt er að framkvæmdin verði í samráði við Vegagerðina og sjómælingar Landhelgisgæslu Íslands.

Með kveðju / Best regards,

**Halldór Zoëga**

Deildarstjóri mannvirkjadeildar / Specialist, Port Installations and Maritime Navigation



ICELANDIC TRANSPORT AUTHORITY  
 Ármúli 2 - 108 Reykjavík - Iceland  
 Sími / Phone +354 480 6000  
[www.samgongustofa.is](http://www.samgongustofa.is) - [www.icetra.is](http://www.icetra.is)

Verndum umhverfið, prentum sem minnst

---

**From:** Jón Smári Jónsson - SLS  
**Sent:** 10.12.2021 14:43:54  
**To:** Samgongustofa almennt  
**Subject:** Smábæjarhöfn við Brjánslæk - beiðni um umsögn

Góðan dag,

Hafnarsjóður Vesturbyggðar hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttokin 10. desember 2021, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að Samgöngustofa gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Í umsögn skal koma fram mat umsagnaraðila á því hvort í tilkynningu sé gerð nægileg grein fyrir framkvæmd, umhverfi, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á út frá starfssviði umsagnaraðila. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila, þegar það á við.

Tilkynning framkvæmdaraðila er meðfylgjandi.  
Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 10. janúar 2022 á tölvupóstföngin:  
[jon.smari.jonsson@skipulag.is](mailto:jon.smari.jonsson@skipulag.is) og [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)  
Bestu kveðjur,

---

**Jón Smári Jónsson**  
Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland  
sími 595 4100  
[Jon.Smarji.Jonsson@skipulag.is](mailto:Jon.Smarji.Jonsson@skipulag.is)  
[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)  
[www.facebook.com/skipulagsstofnun](http://www.facebook.com/skipulagsstofnun)

---

Fyrirvari á tölvupósti / e-mail disclaimer  
<https://www.samgongustofa.is/um/um-stofnunina/husnaedi-simi-og-netfang/fyrirvari-vid-tolvupost/>

Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, mánudagur, 3. janúar 2022  
UST202112-139/B.S.  
10.05.03

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - smábátahöfn við Brjánslæk. Fyrirspurn um matsskyldu. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 10. desember 2021 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að byggja um 123 m langan grjótgarð innan núverandi hafnarsvæðis. Nýtt verður grjót sem fíll til við vegagerð í Penningsdal og flutt var í grjótnámu við Þverá. Sú náma er opin og verður þar tekið það efni sem þarf til viðbótar aðfluttu efni.

Hér er um litla framkvæmd að ræða innan núverandi hafnarsvæðis og er jákvætt að unnt er að nýta í verkið hluta af efni sem fíll til við Vegagerð sem hefði að öðrum kosti hefði ekki nýst til mannvirkjagerðar.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Fram kemur í greinargerð að framkvæmdin sé háð leyfi Umhverfisstofnunar þar sem hún er innan friðlands Breiðafjarðar. Þetta er ekki rétt umsjón með friðlandi Breiðafjarðar er í höndum Breiðafjarðarnefndar.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

**Skipulagsstofnun**

B.t. Jón Smári Jónsson  
Borgartúni 7b,  
105 Reykjavík

**Efni: Brjánslækjarchöfn og Flókatóftir í Vesturbyggð – Fyrirspurn um matskyldu**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags 10. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar vegna tilkynningar Hafnarsjóðs Vesturbyggðar um framkvæmd sem kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum, skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Vegagerðin skal í umsögn sinni gefa álit á því hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka framangreindra laga.

Síða 1/1

Sérstaklega er beðið um að Vegagerðin gefi í umsögn sinni mat á því hvort nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Vegagerðin telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fram kemur að áform framkvæmdaraðila feli í sér byggini á um 123 m löngum grjótgarði, samtals um 28.000 m<sup>3</sup> af grjóti og kjarna efni. Áætlar framkvæmdaraðili að vinna þurfi 20.000 m<sup>3</sup> úr grjótnámu auk þess sem 8.000 m<sup>3</sup> komi úr vegaframkvæmd í grennd. Þegar byggingu grjótgarðsins er lokið verðum steyptum landstöpli komið fyrir og flotbryggja fest við hann.

Vegagerðin hefur kynnt sér tilkynninguna og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum og telur að sú viðbót sem hér sé til umfjöllunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Sigurður Friðgeir Friðriksson

*Undirskrift*

SIGURÐUR FRÍÐEÐIL